

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1366  
komudagur 2.3.2007

SVÍNARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS  
ICELANDIC PORK PRODUCERS ASSOCIATION DEN ISLANDSKE SVINEAVLSFORENING  
TEIGI, 601 AKUREYRI ISLAND  
SÍMI/TEL.: +354 463 1352, +354 861 9101, TELEFAX +354 463 1552



Landbúnaðarnefnd Alþingis  
b/t nefndarritara Eiríkur Áki Eggertsson  
Alþingi  
150  
Reykjavík

Teigi 26. febrúar 2007

Efni: Mál nr. 621

Svínaræktarfélagið gerir athugasemd við 65. gr. laganna gr. B en þar segir m.a.

*Landbúnaðarráðherra úthlutar tollkvótum samkvæmt öðrum skuldbindingum Íslands um innflutning á landbúnaðarvörum í fríverslunar- og millirikjasamningum en þeim sem greinir í 65. gr. og 65. gr*

Í þessu samhengi er vísað til samkomulags sem íslensk stjórnvöld gerðu nýverið um gagnkvæma tollkvóta á landbúnaðarafurðum við ESB. Í samkomulaginu veitir Ísland ESB m.a. tollkvóta án aðflutningsgjalda á:


- 200 tonnum af svínakjöti
- 50 tonnum af pylslum
- 50 tonnum af skinku
- 50 tonn af unnum kjötvörum

Af þessum 350 tonnum má g.r.f að svínakjöt vegi yfir 300 tonn. Tollkvótar án innflutningsjalda á svínakjöti munu því verða yfir 5% af heildarframleiðslu á svínakjöti á innanlandsmarkaði. Á sama tíma fær Ísland ekki tollkvóta fyrir svínakjöt á markaði ESB. SFÍ vill koma á framfæri mótmælum við því að ekki hafi verið samið um tollkvóta á svínakjöti á markaði ESB, slíkt hlýtur að teljast eðlilegt þar sem um gagnkvæma samninga er að ræða.

SFÍ fer fram á að tekjur sem myndast af sölu vegna tollkvóta renni til viðkomandi búgreinar. Slíkt getur flokkast undir mótvægisáðgerðir af hálfu stjórnvalda til að aðstoða bændur við að takast á við aukna samkeppni erlendis frá.

Virðingarfyllst,

f.h. Svínaræktarfélags Íslands

  
\_\_\_\_\_  
Ingvi Stefánsson